



## Til menntaráðs

Kópavogi, 20. mars 2023  
23021029/203.00 ABS

### Tillaga að breytingum á þjónustu við ungt fólk í ungmennahúsinu Molanum

#### Inngangur

Ungmennaráð Kópavogs hefur á starfstíma sínum fjallað um aðgengi að þjónustu við ungt fólk í sveitarfélaginu og áherslur í starfi ungmennahússins Molans. Í tilefni af þeirri umræðu var stofnað vinnuteymi árið 2019, með þátttöku þriggja fulltrúa ungmennaráðs, verkefnastjóra barnasáttmála og lýðheilsamála, fulltrúa velferðarsviðs og tveimur kjörnum fulltrúum ásamt forstöðumanni Molans og deildarstjóra frístundadeildar.

Vinnuteymið hafði það hlutverk að rýna starfsemi Molans og endurskoða þjónustu við ungt fólk í sveitarfélaginu og koma með tillögum að áherslum til framtíðar. Í maí 2020 skilaði vinnuteymið skýrslu með tillögum um aðgerðir til umbóta í þjónustu við ungt fólk til ársins 2030. Tillögurnar voru eftirfarandi:

- Aðgengi að heildstæðri ráðgjöf og stuðningi
- Virkt ungt fólk
- Tækifæri til atvinnu- og starfsþjálfunar
- Stuðningur við einstaka hópa
- Aðgengi að gögnum um líðan og stöðu ungs fólks.

Tekið hefur verið tillit til þessara tillagna í aðgerðaáætlun menntastefnu Kópavogsbæjar sem nær til ársins 2030. Meðal annars ráðinn ráðgjafi ungs fólks í Molanum. Tillögurnar samræmast vel menntastefnu bæjarins en þar er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun og innleiðingu breytinga á þjónustu við ungt fólk sem er í takt við áður nefndar tillögur. Tillögurnar falla jafnframt vel að lýðheilsustefnu bæjarins, ekki síst áherslupáttunum geðrækt og forvarnir.

#### Tillaga

Menntasvið leggur til að stofnuð verður **Miðstöð unga fólksins í Kópavogi** í húsnæði Molans við Hábraut og Kópavogur verði leiðandi í mótun heildstæðrar aðgerðaráætlunar um þjónustu og stuðning við ungt fólk á aldrinum 16-25 ára í sveitarfélaginu.

Í **Miðstöð unga fólksins í Kópavogi** verður stuðlað að virku samstarfi við félagasamtök, menntastofnanir og aðrar þekkingarmiðstöðvar sem vinna að menntun, velferð og vellíðan ungs fólks. Samstarfsaðilum verður skapað tækifæri til að hafa aðsetur í miðstöðinni í tengslum við samstarfið við Kópavogsbæ. Meðal samstarfsaðila sem stefnt er að að leita til eftir samstarfi eru Samfés, Bergið-Headspace, Píeta-samtökin



og Samtökin 78, auk þess sem leitað verður eftir samstarfi við aðila í nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi. Allir þessir aðilar búa yfir víðtækri reynslu og sérhæfingu til að stuðla að virkni, aukinni vellíðan og tækifærum til náms, sköpunar og atvinnu í þágu ungs fólks. Stefnt er að því að samstarfsaðilarnir hafi fasta viðveru og aðstöðu í húsinu tiltekinn tíma í viku hverri.

Með markvissri samvinnu við samstarfsaðila með vítt starfssvið og sem vinna að hagsmunum ungs fólks næst meiri og sýnilegri árangur í þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16-25 ára í Kópavogi. Kraftar þessara aðila verða sameinaðir í miðstöðinni og aukið aðgengi ungs fólks að viðeigandi stuðningi og einfaldri ráðgjöf. Rannsóknir sína að ef stuðningur er aðgengilegur tímanlega má m.a. fyrirbyggja að ungt fólk í vanda leiðist í geð-, fíkní- og heilsufarsvanda seinna á lífsleiðinni.

Með því að Kópavogur skapi þessum samstarfsaðilum aðstöðu í Miðstöð unga fólksins verður húsið miðstöð hugmynda og þekkingar meðal ungs fólks, og skapar góðar aðstæður fyrir grasrótar- og faglegt uppbyggjandi starf. Miðstöðin verður einnig vettvangur þekkingarsköpunar þar sem faglegri þekkingu er safnað og verkefni þróuð til að efla hæfileika og hæfni ungs fólks.

Samstarfsaðilar munu hafa fría aðstöðu í húsnæði miðstöðvarinnar gegn því samkomulagi að bjóða upp á faglega og fjölbreytta þjónustu sem nær til margbreytilegs hóps ungs fólks. Miðað er við að félagasamtökin hafi viðveru að lágmarki 1 dag í viku í miðstöðinni. Boðið verði upp á þjónustu í formi námskeiða, fræðsluerinda og ráðgjafaviðtala. Vonast er til að jafnframt verði hægt að nýta geðræktarhús sem aðstöðu til fræðslu og ráðgjafa.

Horft verður til snemmtæks stuðnings fyrir ungt fólk í nærumhverfi sínu. Með því að veita þessa þjónustu á þessum tímapunkti í lífi ungs fólks eru vonir bundnar við að framtíðarvandi og þjónustubörf ungs fólks er varðar andlega líðan og atvinnuleysi minnki. Eitt af hlutverkum ráðgjafa og verkefnastjóra verður að þróa og innleiða samstarf við mismunandi aðila um tækifæri til atvinnu- og starfsþjálfunar.

Jafnframt er lagt til að stofnað verði innanhúss vinnuteymi til að skoða framtíðarhúsnæði Miðstöðvar unga fólksins.

### **Skipulagsbreytingar:**

Með ofangreindum breytingum verður núverandi staða forstöðumanns Molans lögð niður ásamt stöðu frístundaleiðbeinanda í 100% starfi. Í staðinn verður ráðinn verkefnastjóri ásamt ráðgjafa ungmenna í 100% starf. Verkefnastjóri miðstöðvarinnar mun stýra og hafa umsjón með daglegu starfi og stýra samstarfi við samstarfsaðila og hópa sem nýta sér aðstöðu í miðstöðinni. Verkefnastjóri hefur ekki mannaforráð heldur munu starfsmenn hússins heyra beint undir deildarstjóra frístundadeildar á menntasviði. Staða ráðgjafa ungmenna verður hækkað úr 50% í 100% starfshlutfall í þeim tilgangi að styrkja enn frekar markvissa ráðgjöf og stuðning auk þess að útfæra



virgniúrræði o.fl. Auk þess verða ungmenni ráðin til að halda utan um viðburði og annað félagsstarf í miðstöðinni.

#### Markmið með stofnun Miðstöðvar unga fólksins:

- Miðstöðin verður staður þar sem ungt fólk getur mætt og leitað eftir aðstoð, fræðslu, stuðningi og styrkt félagsleg tengsl.
- Miðstöðin verði miðstöð fyrir þekkingarsköpun og þróun verkefna til að efla hæfileika, ungs fólks til nýsköpunar.
- Fjölga tækifærum til atvinnu- og starfsþjálfunar ungs fólks.
- Að Kópavogsbær verði fyrsta sveitarfélagið til að koma á Miðstöð ungs fólks sem tengir samstarfsaðila sem vinna með og í þágu ungs fólks. Aðilar sameinast um að vinna eftir aðgerðaráætlun menntastefnu er snýr að ráðgjöf- og stuðningi við ungt fólk í Kópavogi.

#### Fyrir hverja verður Miðstöð unga fólksins ?

- Fyrir ungt fólk
- Fyrir fagfólk sem starfar með ungu fólki
- Vettvangur fyrir erlent samstarf
- Fyrir unga frumkvöðla
- Fyrir alla þá sem vilja styrkja sín félagslegu tengsl
- Fyrir þá sem vilja þróa, halda eða sækja viðburði eða námskeið

#### Aðgerð í menntastefnu:

**M.5 4.1.1** Innleiða breytingar á þjónustu við ungt fólk í samræmi við tillögur um breyttar áherslur í þjónustu Molans.

##### **M.5.4.1 – Mælanlegt markmið**

Bæta líðan og félagslega virkni ungs fólks á aldrinum 16-25 ára í Kópavogi.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir  
Sviðsstjóri menntasviðs

Amanda K. Ólafsdóttir  
Deildarstjóri frístundadeildar